



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2012

Efni: Þingsályktunartillaga um gagngera endurskoðun á skipulagi og forsendum hvalveiða, 83. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa lengi óskað eftir endurskoðun á skipulagi og forsendum hvalveiða með tilliti til hvalaskoðunar sem er orðin ein helsta afþreying í íslenskri ferðaþjónustu. veiðar á hrefnu á eða í nálægð við hvalaskoðunarsvæðin hafa bein neikvæð áhrif á hvalaskoðunina.

Samtök ferðaþjónustunnar vekja athygli á að þau eiga nú þegar fulltrúa í nefnd á vegum atvinnuvegaráðherra sem fjalla á um stefnumótun vegna löggjafar á sviði sjávarspendýra. Sú nefnd er um það bil að hefja störf.

Öllum aðgerðum til að skoða þessi mál ofan í kjölinn er því fagnað af hálfu samtakanna.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri